

Ágætu foreldrar.

Fjaðrir í skólastarfi Álfтанesskóla sem lesa má úr merki skólans eru *Vinátta – Listir - Vísindi og – allir eru einstakir*. Í ár höldum við Ung-listaleika Álfтанesskóla í annað sinn. Listaleikarnir 20. -22. febrúar eru sambærilegir og t.d. íþróttaleikar- vorleikar skólans. Þema leikanna er *Gleði- Frelsi- og Vinátta*.

Ung-listaleikar eiga að vera spennandi, tilhlakandi og til þess fallnir að efla skapandi starf. Ein af sex grunnstöðum nýrrar aðalnámskrár fyrir grunnskóla er *sköpun*. Sköpun byggist á forvitni, áskorun, spennu og leit. Glíma við viðfangsefnið og finna lausn. Vinnubrögð í listsköpun og vísindum einkennast oft af sköpunargleði, frumkvæði og frumleika. Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna geta notið sín. Sköpun snýst ekki eingöngu um nýtt og frumlegt heldur og hagnýtingu þess sem fyrir er. Með Ung-listaleikum samþættum við t.d. leikinn, frumkvæði, skapandi starf, listhneigð, vísindaleit og hagnýtingu þess sem fyrir er.

7. bekkur að Reykjum



Víkuna 30. janúar til 3. febrúar fóru nemendur í 7. bekk í Skólalabúðir að Reykjum. Ferðin gekk ótrúlega vel og nemendur stóðu sig með afbrögðum.

Kennararnir Sirrý og Svavar voru mjög stolt af krökkunum. Dagskráin var þétt alla daga og skemmtu þau sér vel á kvöldin í kvöldvökum og fleiru.

Samkeppni Sorpu og Landverndar vegna almanaks Sorpu árið 2012



Nemendur í 5. bekk Álfтанesskóla tóku þátt í samkeppni Sorpu og Landverndar fyrir almanak Sorpu árið 2012 s.l. haust. Nemendur hönnuðu föt og fylgihluti í myndmennt hjá Nödu þar sem notuð voru ýmis verðlaus efni. Nemendur fóru í myndatöku hjá Binna ljósmyndara og voru tvær myndir valdar til að vera á dagatalinu bæði á forsiðu og baksíðu þess.

Ung-listaleikar hjá 7.-10. bekk 20. - 22. febrúar

Þessa daga eiga nemendur að mæta í skólann kl. 9:00 og lýkur skólanum kl. 13:00.

Nemendur koma með nesti eins og venjulega og að sjálfsgöðu er mataráskriftin eins og venjulega. Á elsta stigi verða blandaðir hópar úr 7. - 10. bekk sem vinna að margvíslegum verkefnum. Nemendur fengu að velja sér viðfangsefni til að vinna að þessa daga. Hóparnir eru eftirfarandi: Málun, bakstur, stuttmyndagerð, listasafn/Erró, mála á glugga, smíði, náttfatahönnun,

hljómsveitarval, námsver og kertagerð. Við óskum eftir kertastubbum til að nota í kertagerðinni og einnig glanstímarit til að nota í úrklippuverkefni í listasafn/Erró hópnum. Hægt er að koma efninu til Möggu ritara sem kemur því á réttan vinnustöð.

Ung-listaleikar hjá 1. – 6. bekk 20.-21. febrúar



Þessa daga eiga nemendur að mæta í skólann kl. 9:00 og lýkur skólanum kl. 13:00. Skólinn opnar kl. 7:45 að venju og geta þeir nemendur sem þurfa að koma fyrir kl. 9:00 mætt á bókasafn skólans.

Nemendur koma með nesti eins og venjulega og að sjálfsgöðu er mataráskriftin eins og venjulega. Valin verkefni eru á dagskrá og vinna nemendur á mismunandi stöðvum allt eftir vilja og leit að viðfangsefni við hæfi hverjum og einum enda - *eru allir einstakir*.

Öskudagur 22. febrúar



Nemendur mæta kl. 9:00- 13:00. Skólinn opnar kl. 7:45 að venju og geta þeir nemendur sem þurfa að koma fyrir kl. 9:00 mætt á bókasafn skólans.

Nemendur í 1.- 6. bekk halda öskudaginn gleðilegan með sérstakri dagskrá þann dag í heimastofu og í íþróttahúsi þar sem „*Kötturinn verður sleginn úr tunnunni*“ .

Í 7.-10. bekk er Kaffihús og seldar veitingar í Sal skólans. Allir íbúar Álfтанess og gestir hjartanlega velkomnir. Afrakstur Ung-listaleikanna og vinnusmiðjur er til sýnis og skólastarfið allt. Opið er frá kl. 9:00 -13:00.

Vetrarfrí 23. - 24. febrúar

Fimmtudaginn 23. febrúar og föstudaginn 24. febrúar er vetrarfrí í skólanum eins og kemur fram á skólalagatali Álfтанesskóla fyrir veturinn 2011-2012. **Þá daga er skólinn lokaður og eins er Frístund lokuð.**

Við hittumst svo hress og kát mánudaginn 27. Febrúar samkvæmt stundaskrá.

Á döfni

Mánudaginn 12. mars er skipulagsdagur í Álfтанesskóla. Þann dag fellur niður öll kennsla.

Þriðjudaginn 13. mars eru námsviðtöl. Þá mæta nemendur með foreldrum og ræða framvindu náms við umsjónarkennara. Þann dag er Frístund lokuð.

Fimmtudaginn 22. mars er árshátíð hjá 8. – 10. bekk.

Föstudaginn 23. mars er árshátíð hjá 5. – 7. bekk.

Miðvikudaginn 28. mars er árshátíð hjá 1. og 2. bekk.

Fimmtudaginn 29. mars er árshátíð hjá 3. og 4. bekk og um kvöldið verður síðan páskabingó foreldrafélagsins.